

Veira og vont lýðræði

Á Vesturlöndum er vöggu lýðræðis að finna, flokkalýðræðis vel að merkja. Einn af hornsteinum lýðræðis er málfrelsi og annar samkomufrelsi. Upplýsingaskylda stjórnvalda ætti einnig að vera í hávegum höfð í lýðræðisríki. Það er væntanlega alkunna, að á þessu er alvarlegur meinbugur. Leyndarhyggja og þöggun þjóðmálaumræðu er algeng. Skrifræðisstofnanir lifa eigin lífi. Embættismenn taka afdrifaríkar ákvarðanir um líf og heilsu fólks. Stjórnámálmenn, sem margir hverjir þjóða sig fram sjálfum sér til dýrðar, leika lausum hala í sorglegu flokkalýðræði. Forsjárhyggjan er þeim flestum í blóð borin og má þá einu gilda, hvar í flokk þeir skiptast.

Stjórnámálflokkar stunda einnig hagsmunagæslu fyrir flokksfélaga og ákveðin öfl í samfélaginu, t.d. lyfjafyrirtæki. Mörg þeirra eru peningamylla eigendanna, enda starfa þau á næsta öruggum markaði, sem stjórnvöld og lýður skapa þeim. Hræðsla fólks við dauðann og jafnaðarmennska (allir jafnir fyrir dauðanum) stuðla að kerfi, þar sem lyf og heilbrigðisþjónusta er að verulegu leyti greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Þeim er stýrt af ofangreindum stjórnámálmönnum. Slíkir sjóðir eru óþrotgjarnir.

Í hjálögðum fréttaskýringaþætti, sem virðist vandaður í alla staði, er sögð skritin saga, sagan af kófinu; ævintýrlegum tilraunum með veirur í dýrum og hagsmunaflettum embættisræðis, vísindasamfélags og stjórnvalda, þ.e. löggjafarvaldsins. Hún er í hnotskurn þessi:

Árið 2014 hófu breski skordýrafræðingurinn, Peter Dazek, og ónæmisfræðingurinn, Ralph Barric (1954), frá Bandaríkjum Norður-Ameríku (BNA), í samvinnu við veirufræðinginn, Shi Zhengli (f. 1964), frá Kína, rannsóknir á því, hvernig flytja mætti sýkla úr leðurblökum í „mann-erfðabreyttar“ mýs þ.e.a.s. að lungu þeirra tillíktust nú fyrir tilstilli erfðatækni lungum manna. „Starfsemisauki“ (gain of function) er það kallað.

Hugmyndin var sú, að gera tilraunir með bóluefni á hinum erfðabreyttu músum, sem kynni að gagnast mönnum. Einnig var horft til þess, hvort fólk gæti smitast við þessar veirufirfærslur. Rannsóknirnar voru (og eru) fjármagnaðar af Þjóðarheilbrigðisstofnun BNA (NIH). Þar er í fyrirsvari Anthony Fauci. Rannsóknirnar eru stundaðar á rannsóknarstofu í Wuhan.

Í október 2019 kom berlega í ljós, að „fiktveiran“ smitaði manna á milli. Fjöldi manna á hersýningu í Wuhan dreifði veirunni út um allt, en smit höfðu þegar átt sér stað í september. Heiðarlegir starfsmenn reyndu að vara við, en þaggað var niður í þeim með ýmsum hætti. Um þrem mánuðum síðar tilkynntu Kínverjar Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna um málið. Fyrr en varði hafði smitið dreifst um alla veröld.

Litið var til lyfjaframleiðanda sem frelsara mannkyns. Svo einkennilega vildi til, að NIH og Lyfjafyrirtækið, Moderna, höfðu gengið í eina hagsmunasæng. Að tjaldabaki stóðu svo fulltrúar opinberra sjóða og einkafjármagnaðra slíkra. Pfizer var þar á meðal. Það er hins vegar ekki fyrirtækið, Johnson og Johnson. Bólusetning með þeirra lyfi var stöðvuð um hríð. Það vill einnig svo til, að löggjafarþing BNA hafði, skömmu áður en veiran komst í há mæli, samþykkt lög þess efnis, að lyfjafyrirtæki nytu friðhelgi í sambandi við framleiðslu lyfja í neyðarástandi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að stjórnvöld róa að því öllum árum með góðu og illu, að bólusetja fólk með lyfjum frá helstu lyfjafyrirtækjum – og í BNA ekki síst frá þeim fyrirtækjum, sem NIH á hlut í.

Þar sem nú virðist ljóst, að „bóluefnin“ stuðli ekki eða varla að ónæmi, hefur skilgreiningu bólusetninga verið breytt í þessa veru: Bólusetning er „sú aðgerð að kynna bóluefni fyrir líkamanum í því skyni að vernda hann frá sérstökum sjúkdómi.“ (”The act of introducing a vaccine into the body to produce protection from a specific disease.”) Horfið er sem sé úr skilgreiningunni það ætlunarverk, að stuðla að ónæmisviðbragði líkamans.

Samfara þessu virðist eiga sér stað samvinna fjölmiðla, þar með talin samvinna við tæknirisana, sem samfélagsmiðlana reka, lyfjafyrirtækja og stjórnvalda (heilbrigðis- og sóttvarnaryfirvalda, ríkisstjórn) um að leyna staðreyndum framvindunnar og þagga niður umræðu um hana.

Þróunin er í flestu tilliti ógnvænleg. Óheiðarleiki stjórnvalda, embættismanna, fyrirtækja og vísindamanna, sem jafnvel ljúga fullum fetum og nota embætti sín og menntun til að skapa falskan trúverðugleika, er bein ógn við lýðræðið. Það er veiruhernaður líka, en trúlega er hér um að ræða slys og afdrifaríkt fikt með erfðir. Einnig er lærdómsrík samvinna gerræðisafla í landi hinna frjálsu, fyrirmyndarlýðræðisríkinu sjálfu, og flokkseinræðisríkis.

<https://www.youtube.com/watch?v=91b5NjSZ-o>